



## 31. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023

Mánudagur 3. október 2022 kl. 17:00

---

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson *formaður* (HSJ), stýrir fundi, Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Guðni Hafsteinsson gjaldkeri (GH), Herbert Arnarson (HSA), Lárus Blöndal (LB), Einar Karl Birgisson (EKB) og Erlingur Hannesson (EH) mætti 17:40.

Forföll boðuðu: Birna Lárusdóttir (BL), Guðrún Kristmundsdóttir (GK)

HSJ og GNE rituðu fundargerð.

---

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

### 2. Fjármál og samstarfsaðilar

Staðan er ágæt í dag en því miður er enn verið að bíða eftir niðurstöðu ríkisins varðandi stuðning sem á að koma vegna aukakostnaðar í COVID19 vegna landsliðsmála. Biðin orðin nokkuð löng og farin að hafa áhrif á starfið.

Varðandi samstarfsaðila þá er búið að semja aftur við Bílaleigu Akureyrar til næstu þriggja ára. Unbroken er nýr samstarfsaðili og er það árs samningur til að byrja með.

### 3. Fundir með KKDÍ

HSJ, GNE og JB fóru yfir stöðuna á fundunum með stjórn KKDÍ. Umræður töluverðar.

### 4. Leikheimildir leikmanna – þriggja ára reglan

Lagður fram listi með nöfnum leikmanna sem eru orðnir gjaldgengir á hina svokallaða þriggja ára reglu. Umræður og listinn samþykktur.

### 5. Mótamál

Vinnureglur mótanefndar fyrir tímabilið hafa verið sendar á stjórn til kynningar. HSJ og LB fóru yfir stöðuna í mótamálum.

### 6. Fræðslu-og útbreiðslumál

Farið í Komdu í körfu átakið, stuðningur frá FIBA vegna YDF og HWHR. Þjálfara-, dómara- og stattnámskeið síðustu vikunnar. Góð aukning á skráningu á þessi námskeið.

## 7. Afreks-og landsliðmál

HSA og HSJ fóru yfir málin og fundargerð síðasta fundar í afreksnefnd. Góðar umræður um það sem kom fram í fundargerðinni. Tillögur að þjálfurum yngri liða lagt fram og tillaga nefndarinnar um þjálfara fyrir yngri liðin fyrir samþykkt Landsleikir hjá karla- og kvennaliðunum í nóvember í Laugardalshöll. Landsleikir karla 11. nóvember hér heima við Georgíu og úti við Úkraníu 14. nóvember í Riga í Lettlandi.

Landsleikur kvenna úti við Spán 24. nóvember og heima við Rúmeníu 27. nóvember.

## 8. Önnur mál

- a) Aga- og úrskurðarnefnd: staðfest að Pálmi Rögnvaldsson og Leó Daðason eru nýir meðlimir í nefndinni.
- b) GNE sagði frá vinnu jafnréttisnefndarinnar og að verið væri að bíða eftir nýjum reglum/gögnum frá ÍSÍ sem og frá samskiptafulltrúa íþróttá- og æskulýðsstarfs.
- c) Norðurlandafundur 26.-27. október í Helsinki, HSJ, GNE og Kristinn Geir Pálsson afreksstjóri fara á fundinn.
- d) Ný heimasíða KKÍ að fara í vinnslu.
- e) Næsti stjórnarfundur mánudaginn 7. nóvember.
- f) Vinnufundur skrifstofu mánudaginn 10. október.

Fundi slitið kl.18:40